



Skattkerfisbreytingar

Ragnar Ingimundarson
Hagfræðingur hjá BSRB

12. janúar 2010

Yfirlit helstu skattkerfisbreytinga



- Þriggja þrepa tekjuskattskerfi einstaklinga
 - Breyting persónuafsláttar
- Hækkun fjármagnstekjuskatts
- Hækkun virðisaukaskatts
- Sérstakur auðlegðarskattur
- Hækkun tekjuskatts fyrirtækja
- Afnáam sjómannaafsláttar

Tekjuskattskerfi einstaklinga

- Þriggja þrep tekjuskattskerfi
 - Fyrsta þrep ber 24,10% tekjuskatt
 - Tekjur undir 200.000 kr. á mánuði.
 - Annað þrep ber 27,00% tekjuskatt
 - Tekjur á bilinu 200.000 – 650.000 kr. á mánuði
 - Þriðja þrep ber 33,00% tekjuskatt
- Fyrir breytingar voru tvö þrep
 - 24,10% tekjuskattur á árstekjur undir 8.400.000 kr.
 - Tekjur undir 700.000 kr. á mánuði
 - 32,10% tekjuskattur á árstekjur umfram 8.400.000 kr.

Tekjuskattskerfi einstaklinga

- Hámark útsvars áfram 13,28%
 - Gert ráð fyrir að heildarhlutfall í staðgreiðslu verði áfram 37,20% á tekjur undir 200.000 kr. á mánuði
- Breyting persónuafsláttar
 - Persónuafsláttur hækkar um 2.000 kr. á mánuði
 - Úr 42.205 í 44.205
 - Ákvæði um að afsláttur fylgi vísitölu neysluverðs felldur niður
 - Hefði leitt til rúmlega 3.100 kr. hækkunar

Tekjuskattskerfi einstaklinga

- Hvað þýða þessar breytingar fyrir einstaklinga?

Skoðum nokkur dæmi

- Tekjuskattur einstaklinga með undir 270.000 kr. í mánaðartekjur lækkar
- Tekjuskattur einstaklinga með yfir 270.000 kr. í mánaðartekjur hækkar

Tekjuskattskerfi einstaklinga

- Samskattaðir einstaklingar
 - Sérstakar reglur gilda um yfirfærslu á tekjum milli samskattaðra einstaklinga

	Skattaðili 1	Skattaðili 2
Tekjuskattsstofn	9.000.000 kr.	6.000.000 kr.
- 24,10%	2.400.000 kr.	2.400.000 kr.
- 27,00%	5.400.000 kr.	3.600.000 kr.
- 27,00%	900.000 kr.	
- 33,00%	300.000 kr.	

Upphæð í þrepi 2: $7.800.000 - 2.400.000 = \mathbf{5.400.000 \text{ kr.}}$ Skattaðili 2 nýtir einungis 3.600.000 kr. af þrepi 2 og á því ónýtt 1.800.000 kr. Helmingur þess færir til Skattaðila 1 eða 900.000 kr. sem hann getur nýtt sér.

Fjármagnstekjuskattur



- Fjármagnstekjuskattur hækkar í 18%
 - 100.000 kr. frítekjumark á ári eða um 8.300 kr. á mánuði
 - 30% af leigutekjum einstaklinga af íbúðahúsnæði eru ekki skattlagðar
- Hvað þýða þessar breytingar? - (gróf nálgun)
 - Gefum okkur að ársvextir séu 7% og greiddir einu sinni á ári
 - Til að einstaklingur sé með 100.000 kr. í fjármagnstekjur þarf hann að hafa haft um 1,5 m.kr. inn á reikningi sínum yfir árið.
 - Af þeirri upphæð greiðir hann engan skatt.
 - Til að einstaklingur sé með 500.000 kr. í fjármagnstekjur á ári þarf hann að hafa haft um 7 m.kr. inn á reikningi sínum yfir árið.
 - Af þeirri upphæð greiðir hann 18% skatt af 400.000 kr. eða 90.000 kr.
 - Fyrir breytingu á fjármagnstekjuskatti síðastliðið sumar hefði hann greitt 10% af 500.000 kr. eða 50.000 kr.

Hækkun virðisaukaskatts

- Tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi
 - Neðra þrep ber 7% skatt
 - Vörur sem jafna eru flokkaðar sem nauðsynjavörur
 - Matvörur, vörur til manneldis ofl.
 - Efra þrep ber **25,5%** skatt
 - Vörur sem áður báru 24,5% virðisaukaskatt
 - Talið að breytingin muni fela í sér að vörur í þrepinu hækki um 0,8%
- Vísitöluáhrif af breytingunni hafa ekki verið metin

Aðrar skattkerfisbreytingar

- Sérstakur auðlegðarskattur
 - Tímabundinn til næstu þriggja ára
 - Nemur 1,25% af hreinni eign einhleypinga yfir 90 m.kr og 120 m.kr fyrir sambúðarfólk
- Tekjuskattur fyrirtækja
 - Hækkar úr 15% í 18%
- Afnám sjómannaafsláttar
 - Fjögurra ára aðlögunartími
 - Skerðist um 25% frá árinu 2011
- Tryggingagjald
- Breyting á vörugjöldum